


Tónlist

EYJÓLFUR MELSTED



MÓÐGUN VIÐ FRÆNDÞJÓÐ VORA

— að ekki skyldu fleiri sækja hátíðahljómleikana í Háskólabíói í gærkvöldi

Hátíðahljómleikar Cæciliaforeningin og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tlefini þjóðhátíðardags Norðmanna 17. maí og hundrað ára afmælis kórins. Vemdari hljómléikanna: Hans hátign Ólafur V. Noregskonungur. Stjórnandi: Arnulv Hegstad. Einsöngvarar: Elisabet Erlingsdóttir, Sólveig Björting og Kristinn Hallsson. Efniskrá: Hjarlajóð eftir Eivind Groven, Introduktion og Passacaglia eftir Pál Ísólffson. Norsk Kunstner Karneval eftir Johan Svendsen og Völuspá eftir David Monrad Johansen.

Tónleikarnir hófust á þjóðsöngvum Noregs og Íslands eftir að forsetahjónin ásamt sendiherra Norðmanna og konu hans höfðu gengið í salinn. Kórinn, sem var hartnær fimmtungur tónleikagesta fyrir hle, söng þjóðsöngvana, en einungis sára-fjár aðrir tóku undir. Undarleg feimni það, að nenna ekki að taka undir í þjóðsöng.

Skylduverk

Höfust síðan tónleikarnir með Hjarlajóði Grovens. Þótt ekki sé Hjarlajóð rismikið verk mér algjör óþarfi af hljómsveitarinnar hálfu að láta beinlínis í það skína, að hún væri að ljúka af skylduverki. Af virðingu við meistara Pál Ísólffson völdu Norðmenn Introduktion og Passacagliu hans til flutnings á þessum tónleikum. Verkið er ætíð talið hljómsveitarverk frá hendi Páls, en mér finnst það miklu fremur orgelverk, sem hefur verið umskrifad fyrir hljómsveit. Því ætti hljómsveitin að hljóma eins og eitt hljóðfæri, við flutning þess. Því var samt ekki að heilsa. Strengirnir voru ósamtaka og nutu sín því illa. Helst voru það málmbláasarar sem héldu merkinu á lofti.

Norsk Kunstnerkarneval er létt og skemmtilegt stykki. Lofsöngur um hið ljúfa listalíf, sem allir keppast við að halda að einhvern tíma hafi verið til í alvöru. Þar, loksins, small hljómsveitin saman.

Hálftómur áheyrendasalur

Þegar kórinn sté á fjalirnar að

EM.

loknu hléi fannst mér salurinn hafa hálfstæmt. Hvar skyldi það nú hafa verið allt þetta kóráhugafólk, sem sagt er að sé í höfuðborginni? — Völuspá er fremur sundurlaust verk og efnid tekið meir til að þjóna rómantískum kröfum um glæsta fortíð, en að reynt sé að túlka boðskap og innihald spárinnar. En verkið er vel áheyrilegt og reyndist lipurt í flutningi, Cæciliaforeningin og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Nú lagði hljómsveitin sig alla fram. Kristinn hefur einhvern tíma farið léttar með ekki stærra hlutverk, en hann naut sinnar góðu reynslu og miklu reynslu. Sólveig kom mér á óvart með meiri raddstyrk en ég hef heyrt frá henni áður.

Svolitið óörugg í hæðinni en annars góð. Elisabet virðist ekki þurfa mikið fyrir sínu hlutverki að hafa. Örug, og skilaði sínum hlut með söma.


Kór með sögu og fortíð

Af þetta stórum kór hefði ég vænst svolitið meiri hljóms, af Cæciliaforeningin. Norðmenn virðast búa við svipuð vaðdamál og íslenskir stórkórar, þ.e. misvægi radda. Kórinn syngur af miklu öryggi og meðlimir auðheyrilega vel skólaðir. Þetta er ögn fullorðinn kór og hljómurinn því svolitið mattur. Stjórnandinn Arnulv Hegstad virtist finna fljótt takmörk hljómsveitarinnar okkar og reyndi ekkert að teygja þann ramma. Hann fór kannski helst til of mjúkum höndum um hana í byrjun en bætti úr í seinni hluta tónleikanna.

Það var bein móðgun við frændur vora Norðmenn að ekki skyldu fleiri sækja þessa tónleika. Það er hart að þegar einn fremsti kór frændþjóðar kemur í frosti og neþju á þjóðhátíðardegi sínum að syngja fyrir okkur, skuli hann ekki fá nema rúmlega hálf tónleikabíói.

Allt er fertugum fært

Afmælissýning Myndlista- og handíðaskólans



Vefnaður af ýmsum gerðum.

kafin við að finna gervilausnir á vanda þess skóla, meðan MHÍ verður knékrjúpandi að biðja um úrlausn sinna mála.

Elja skólastjóra

Annars er saga MHÍ rakin í máli



Afrakstur keramikdeildar.

Það er fyrir löngu orðinn árviss viðburður og tilhlökkunarefni að myndlistarskólar bæjarins opna sýningar á hverju vori. Á þeim er starfsemi þeirra kynnt og nemendur, ættingjar og allur almenningur fá tækifæri til að sjá myndlistarfólk og hönnuði í mótun — og kannski fram-bærilega myndst stöku sinnum. Vör-sýning Myndlistarskólans í Reykjavík fór fram um helgina í hinu nýja húsnæði skólans að Laugavegi 118 og tókst vel að því ég bezt veit. Aðall þess skóla hefur jafnan verið rækileg teiknikennsla og myndmótun og mátti sjá góða vinnu í þá veru á skólanum. Þó saknaði maður þeirra sem luku námi í fyrra en sá árgangur var sérstaklega frjór. Myndlista- og handíðaskólinn átti sér eitt sinn samastað að Laugavegi 118 — einn af mörgum á pislargöngu skólans um bæinn á 40 ára tímabili.

Klakstöð sjónmennta

Skólinn heldur einmitt upp á af-mæli sitt með veglegri vorsýningu að Kjarvalsstöðum og stendur hún fram til 20. maí. Þarf vart að geta þess hve mikill munur er að sjá sýninguna í þessu umhverfi heldur en í þeim ranghölum og kompum sem skólinn hefur til umráða í Skipholti 1, — þótt það pláss hafi verið furðu nota-drjúgt. Hvað skyldu annars margir gera sér grein fyrir því að þessi helsta klakstöð sjónmennta á landinu hefur ætíð þurft að sætta sig við óhæft kennsluhúsnæði? Á sýningunni að Kjarvalsstöðum hlýtur hlutverk og gildi skólans að blasa við mönnum og nú riður á að finna honum hentugan samastað upp á næstu 40 árin. Hann á það inni hjá þjóðinni. Hér í nám-unda við dagblóðin er skóli sem yfir-völd vita ekki hvað þau eiga að gera við, en mundi henta MHÍ ágætlega — enda hannaður sem verknáms-skóli. Í bili eru sömu yfirvöld önnum

KINN VIÐ KINN

Ómar Skúlason — Á næstu grösum, Laugavegi 42.

Ómar Skúlason myndlistarmaður hefur um nokkurt skeið haft uppi áform um að sýna ný verk sín, en ekki tekist að hafa upp á hentugum veggjum til að henga þau á. Nú hefur hann loks sæst á að koma tylft þeirra fyrir á matstofunni Á næstu grösum að Laugavegi 42 og þar fara þær framur vonum. Ómar er af Combo-kynslóð Myndlista- og handíðaskólans, ásamt Agli Eðvarðssyni, Sigurði Örlýgssyni og fleirum en að námi loknu helgaði hann sig öðru en myndlist. En fyrir fjórum árum eða svo tók hann aftur upp þráðinn þar sem frá var horfið og vann m.a. með félagi sínum og sam-klippara, Magnúsi Kjartanssyni, sem hafði talsverð áhrif á myndlist Ómars. Ómar hélt sína stærstu sýningu að Kjarvalsstöðum fyrir tveim árum.

Ljósmyndir og skapalón

Þar mátti finna stóar klippimyndir og samsetningar og síðan myndir unnar með sprautu og skapalónum. Í hinum fyrri var blandað saman erótískum ljósmyndum, barnateikningum, fataræflum o.fl. Sumir freist-udust til að sjá mikinn skyldleika með þessum verkum og myndum Magnúsar Kjartanssonar, en ég held að sú samliking sé ekki réttmæt nema að vissu marki. Vinnuaðferðirnar voru svipaðar, en áherslur í uppröðun og notkun líta voru alls annars eðlis. Hins vegar hafði ég það á tilfinningunni að Ómar væri enn að leita sér kjölfestu, því erfitt var að hafa hendur á þeim persónuleika sem stóð að baki myndunum. En á þessari sýningu bar mest á sprautumyndunum, þar sem glannalegir litir og

myndræn ærsl höfðu yfirhöndina. Þetta voru fjórugar myndir og haganlega gerðar en settu mann út af laginu því þær virtust þverbrjóta ýmsar grundvallarreglur í myndgerð. Það var ekki annað að gera en setja sig í stellingar og biða framvindunnar.

Galgopalegur

Nú er eins og Ómar hafi fundið sér

Dick Tracy (eða einhverju keimlíku...), íslenskum blóðum og erlendum bæklingum. Þessar myndir kalla á skjót sjónræn viðbrögð áhorfandans og ég held að menn hljóti að hafa ánægju af hinni líflegu togstreitu sem á sér stað í þeim. Litir kallast á eða andæfa hvor öðrum, andlitin bregðast við á mismunandi hátt og alvöruþrungin svipbrigði leysast upp í grín.



Ómar Skúlason — Tvær myndir frá

einhvers konar meðalveg milli þeirra tveggja tegunda mynda sem getið er um hér að ofan. Litirnir eru sterkir og stundum galgopalegir — en ekki þó eins og í sprautumyndunum forðum — og byggjast myndirnar að mestu upp á tilvitnunum í ljósmyndir, skripamyndir og alls kyns vörumerki. Megináherslu virðist Ómar leggja á að tefla saman ýmiss konar hausum á sama myndfletinum; úr

Ókyrr í kúnstinni


Þó sækir að manni sú tilfinning að Ómar hljóti í leiðinni að vera að segja eitthvað um fólk — því varla getur hann ætlast til þess að við bregðumst hlutlaust við andlitum sem við þekkjum úr fréttum eða annars staðar frá. En ætluð við okkur að líta á myndirnar frá þeirri hlið einvörðungu, þá

Skólastjóri — yfirkennari

Lausar eru stöður skólastjóra og yfirkennara við Grunnskóla Akraness. Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Skólanefnd

SKYNDIMYNDIR



Vandaðar litmyndir í öll skirteini.

barna&fjölskyldu-
ljósmyndir

AUSTURSTRÆTI 6
SÍMI 12644